



Leikskólinn Núpur

Starfsáætlun 2022-2023



EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	4
2	Um leikskólann	4
	Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
2.1	Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag	4
2.1.1	Sjálfstæði	4
2.1.2	Sköpun:	4
2.1.3	Samvinna:	5
2.1.4	Gleði:	5
2.2	Dagur í Núpi	5
2.2.1	Flæði	5
2.2.2	Snillikennsla	5
2.2.3	Meistaraverkefni	6
3	Starfsáætlun næsta leikskólaárs	6
3.1	Leikskólastarfið	6
3.1.1	Sérstakar áherslur	6
3.1.2	Markmið	6
3.2	Þróunar- og nýbreytni starf	6
3.2.1	Heimsmarkmiðin	6
3.2.2	Barnasáttmálinn	7
3.2.3	Meistaradeildin	7
3.3	Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	7
4	Starfsmenn	8
4.1	Starfsmannastefna	8
4.2	Áherslur í samstarfi	8
4.3	Samsetning starfsmannahópsins	8
4.4	Fundir	8
4.5	Skipulagsdagar	9
4.6	Símenntunaráætlun	9
4.7	Þátttaka í rannsóknum	9
5	Börn	9
5.1	Fjöldi barna	9
5.2	Móttaka nýrra barna	9
5.2.1	Móttökusamtal	9
5.2.2	Aðlögun	9

5.2.3	Flutningur milli deilda.....	10
5.3	Sérkennsla.....	10
5.4	Útskrift.....	10
6	Foreldrasamstarf.....	10
6.1	Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs.....	10
6.2	Foreldraráð.....	11
6.2.1	Starfsreglur foreldraráðs.....	11
6.2.2	Verkefni foreldraráðs.....	11
6.3	Pátttaka forráðamanna í leikskólastarfinu.....	11
6.4	Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna.....	12
6.5	Foreldrafélag.....	12
7	Samstarf.....	12
7.1	Samstarf við grunnskóla.....	12
7.2	Samstarf við aðra.....	12
7.3	Nemar.....	13
8	Mat, matsaðferðir og niðurstöður.....	13
8.1	Starfsáætlun 2021-2022 umbætur.....	13
8.2	Matsgögn 2021-2022.....	15
8.3	Umbótaáætlun 2022-2023.....	15
8.4	Matsáætlun Núps 2022-2023.....	19
8.5	Matsáætlun fyrir leikskóla Kópavogs 2022-2026.....	21
9	Öryggismál.....	22
9.1	Öryggisnefnd.....	22
9.2	Áfallaráð.....	22
9.3	Innra eftirlit.....	22
9.4	Slys.....	22
10	Lokaorð.....	22

1 INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 vinnur leikskólinn eftir aðalnámskrá leikskóla. Í 5. mgr. 11. gr. Leikskólinn gerir síðan sína eigin skólanámskrá þar sem fram kemur hvernig leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem koma fram í aðalnámskrá. Leikskólinn gerir einnig starfsáætlun árlega þar sem gerð er grein fyrir starfsemi skólans, skóladagatali og öðru sem viðkemur starfseminni. Forráðamennáð gefur umsögn um áætlunina áður en hún er tekin til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs.

Starfsáætlun Núps er hugsuð sem leiðarvísir fyrir komandi leikskólaár. Þar koma fram einkunnarorð leikskólans og helstu áherslur í starfi byggðar m.a. á umbótaætlun sem unnin var upp úr endurmati.

2 UM LEIKSKÓLANN

LEIKSKÓLINN, HÚSNÆÐI, LÓÐ OG RÝMI

Leikskólinn Núpur stendur við Núpaland 3. Hann er 733 m² að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077m² á grunntekningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunntekning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir 18 mánaða gömul börn. Kópavogsbær hefur unnið að því sl. ár að auka rými barna í leikskólum og hefur það farið úr 6,5 m² pr. barn í 7,5 m².

Á vorönn var hafist handa við lagfæringar á salerni á eldrigangi. Lausar flísar brotnar niður og ráðgert er að flísaleggja vegg og setja upphengd salerni í sumarlokuninni.

2.1 NÁMSKRÁ, STEFNA, UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR OG SKIPULAG

Námskrá leikskólans, 3. útgáfa, kom út vorið 2015. Námskrá hvers skóla á að vera lífandi plagg sem stöðugt þarf að endurskoða. Einkunnarorð leikskólans Núps eru „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, snillikennslu, frjálssa leiknum og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu. Áætlað var að hefja allsherjar endurskoðun á námskrá skólans haustið 2021 en vegna Covid-19 var ekki hægt að vinna þá vinnu eins og þarf vegna fjöldatakmarkana í rýmum skólans. Gert er ráð fyrir að starfsfólk skólans vinni námskrána saman.

2.1.1 Sjálfstæði

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

2.1.2 Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.

- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

2.1.3 Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum. Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfsþekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.
- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálpar.

2.1.4 Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap.

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

2.2 DAGUR Í NÚPI

07:30 – 09:00	Frjáls leikur
08:15 – 08:45	Morgunmatur
08:50 – 09:10	Samverustundir og ávextir á yngri deildum
09:30 – 09:40	Ávaxtastund eldri
09:40 – 10:00	Samverustundir á eldri deildum
09:10 – 12:00	Skipulagt starf / frjáls leikur / flæði/meistaraverkefni/snillikennsla
Á föstudögum söngstund í sal kl. 9.00 – 9.20 og útivera	
11:10 – 12:00	Hádegisverður: Hlaðborð á yngri deildum
12:00 – 13:00	Hvíld á yngri deildum
12:00 – 13:00	Hádegisverður: Hlaðborð á eldri deildum
13:00 – 13:15	Samverustund á eldri deildum
13:00 – 14:40	Útivera, frjáls leikur eða flæði
14:10 - 14:20	Samverustundir yngri deilda
14:10 - 15:30	Síðdegishressing yngri og eldri deilda
14:10 – 16:30	Frjáls leikur
16:30	Leikskólinn lokar

2.2.1 Flæði

Í flæði fara börnin á þau svæði sem þau vilja leika sér á hverjum tíma. Börnin á Höfða og Brekku flæða saman og börnin á Hvammi og Þúfu flæða saman. Meginmarkið með flæði er að efla sjálfræði barnanna, að þau hafi um það að segja hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

2.2.2 Snillikennsla

Snillikennslan er í aldurskiptum hópum á milli kl. 9:10 og 9:40 á yngri deildum og 10 - 11:30 á eldri deildum frá september til maí. Unnið verður að þematengdum verkefnum og leitast verður við að vinna að öllum greindum í snillikennslu.

2.2.3 Meistaraverkefni

Meistarar er okkar heiti á elsta árgangi skólans. Þau eru meistarar í leikskólagöngu, hafa mikla reynslu og mikla þekkingu á því hvernig er að vera í leikskóla. Hver hópur meistara vinnur að meistaraverkefnum í u.þ.b. eina klukkustund í viku yfir veturinn. Verkefni eru m.a. fínhyrfiæfingar sem hjálpa þeim að hafa vald á skriffærum og félagsfærni æfingar sem hjálpa þeim að vinna í hóp og fara eftir fyrirmælum.

Hluti af vinnu meistara fram í Lindaskóla. Sumarskóli meistara, meistaradeildin tekur til starfa 1. júní og er nýjung í starfi leikskólans. Unnið er samkvæmt námskrá 5 ára barna í Kópavogi https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_5-ara-namskra.pdf og einnig er unnið eftir sérstakri námskrá meistara sem deildarstjórar elstu barna í Núpi hafa undirbúið.

3 STARFSÁÆTLUN NÆSTA LEIKSKÓLAÁRS

3.1 LEIKSKÓLASTARFIÐ

Skólaárið 2022-2023 verður unnið með fjölgreindir og snillikennslu. Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Unnið er með einkunnarorð samkvæmt skólanámskrá. Markmið einkunnaorðanna eru:

- að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar sem þekkja eigin möguleika og takmörk
- efla sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna
- efla skapandi starf í leikskólanum

3.1.1 Sérstakar áherslur

Sérstakar áherslur skólaársins eru „Fjölgreindir í leikskólastarfi“. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig er sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

3.1.2 Markmið

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla það í sjálfhjálpar enda hjálpar það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Í einkunnarorðum leikskólans „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“ felast þessi markmið.

3.2 ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF

Þróunar og nýbreytnistarf er í stöðugri skoðun. Góður skóli þarf að vera vakandi fyrir nýjum straumum og stefnum og til að gera góðan skóla betri leitumst við við að þróa okkar starf áfram með tilliti til þess.

Veturinn 2022-2023 verður hafist handa við verkefni sem tengist sjálfbærri þróun. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu leiða það verkefni, en þeir tóku þátt í námskeiði vorið 2022 á vegum Kópavogsbæjar sem haldið var í Luven í Belgíu og fyrirhuguð er námsferð til Finnlands þar sem allur starfsmannahópurinn fær fræðslu um sjálfbærni til menntunar ýmist í formi fyrirlestra og í skólaheimsóknum.

3.2.1 Heimsmarkmiðin

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna haustið 2019, í framhaldi af því fengum við kynningu frá verkefnastjóra um innleiðingarferli fyrir leikskólana. Eftir kynninguna var sett á fót nefnd í Núpi sem fór yfir þau 17 markmið sem Kópavogsbær byggir stefnu sína á og hvernig allt starf leikskólans speglast í þeim. Þessi vinna fór fram skólaárið 2019 -2020.

3.2.2 Barnasáttmálinn

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 22. maí 2018 að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn er í innleiðingaferli í Núpi. Við sjáum strax að töluvert af starfinu okkar samræmist áherslum barnasáttmálans en eftir á að tengja það betur við greinarnar og gera það skýrara.

3.2.3 Meistaradeildin.

Meistaradeildin er nýjung í starfi Núps. Á fagfundi í janúar 2020 var ákveðið að fara af stað með sérverkefni fyrir meistara. Elstu börnin af Brekku og Höfða sameinast í eina deild, Meistaradeild og starfar hún frá 1. júní fram að sumarlokun skólans. Deildin er útideild og fara börnin í lengri og styttri ferðir 3x í viku. Í lengri ferðum eru þau úti frá morgni fram að kaffi en í þeim styttri eru ferðir um nærsamfélagið og eru þau þá kominn aftur í hús í hádegismat. Fyrir lengri ferðir skammta börnin sér sjálf hádegismat í nestisbox af hlaðborði og setja vatn á brúsa. Nestið og létt aukaföt bera þau sjálf í bakpokum sem leikskólinn á. Tilgangur deildarinnar er að styrkja börnin enn frekar og auka sjálfstæði þeirra og ábyrgðarkennd.

3.3 MENNINGARVIÐBURÐIR, FERÐIR, SÝNINGAR, HEFÐIR OG HÁTÍÐIR

- Hefð er fyrir því að Þjóðleikhúsið bjóði börnum í leikhús
- Grasagarðurinn fyrir eldri deildir í desember
- Hefð er fyrir því að foreldrafélagið bjóði upp á jólaleikrit
- Þjóðadagar allra þjóðarbrotá í leikskólanum eru haldnir til gleði og fróðleiks
- Reglulega er farið í Bókasafn Kópavogs
- Hausthátíð, forráðamönnum boðið til garðveislu þar sem börnin bjóða upp á súpu sem búin er til úr grænmeti sem þau rækta.
- Karladagurinn er haldinn en þá er karlkyns aðstandendum barnanna boðið í skólann í morgunkaffi og söng
- Gengið gegn einelti er samvinnuverkefni skólanna í hverfinu Núps, Dals og Lindaskóla
- Dagur íslenskrar tungu, sagan um Búkollu sögð
- Piparkökubakstur og málun í byrjun desember
- Litlu jólin haldin hátíðleg með sögu, söng og dansi. Jólasveinn í boði foreldrafélagsins mætir á svæði og einnig prestar Lindakirkju.
- 22 ára afmæli Núps verður haldið 8. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, varðeld og söng, heitu kakói og kleinum úti í garði.
- Þorrablót
- Öskudagsball: kötturinn sleginn úr tunnunni og svo flæði um allan skóla.
- Kvennadagurinn er haldinn en þá er kvenkyns aðstandendum boðið í skólann í morgunkaffi og söng.
- Opið hús í maí. Boðið verður upp á stöðvar bæði inni og úti þar sem börn og forráðamenn leika saman. Í matsal verður vöfllusala en ágóði sölunnar fer í endurmenntunarsjóð starfsfólks.
- Meistarar fara á ýmis söfn og ferðir með Meistaradeildinni.
- Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í júní. Börn og starfsfólk leikskólanna hittast í undirgöngunum við Fífuhvammveg. Leikskólarnir syngja hvor fyrir annan og svo bjóða leikskólarnir hvor öðrum í heimsókn í sinn garð til skiptis, þar sem við horfum á leikrit, grillum pylsur og leikum okkur. Sólstöðuhátíðin 2022 verður í garðinum í Dal.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, sérstaka diska og glös á matmálistímum, bókabíó og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

4 STARFSMENN

4.1 STARFSMANNASTEFNA

Í leikskólanum Núpi er unnið eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar, einnig er leitast við að:

- vera jákvæð, glöð og með húmorinn í lagi.
- vera fagleg í starfi með því að sýna ábyrgð og sinna skyldum okkar af virðingu.
- vera heiðarleg og hreinskiptin í samskiptum, tölum við en ekki um, hrósum og sýnum hvort öðru skilning.
- vera virk félagslega með því að spjalla saman daglega og hittast utan vinnutíma.

4.2 ÁHERSLUR Í SAMSTARFI

Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel í vinnunni og mikil áhersla er á samvinnu milli deilda. Einnig er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsfólki og allir fái fræðsla við hæfi. Skipulagdagar eru m.a. nýttir til námskeiðshalds og einnig er fólk hvatt til að sækja sér þá endurmenntun sem nýtist því sem best til faglest og persónulegs þroska

Starfsmannasamtöl eru tekin einu sinni á ári. Á vorönn 2022 tóku deildarstjórar samtölin við starfsfólk sinna deildar og Leikskólastjóri tók deildarstjóra.

Móttöku nýrra starfsmanna er þannig háttað að leikskólastjóri tekur viðkomandi starfsmann í stutt viðtal þar sem sem ráðningarsamningur er undirskrifaður og gengið frá öðrum pappírurum. Aðstoðarleikskólastjóri spjallar við starfsmanninn, sýnir honum skólann og fer með hann í gegnum megin þætti leikskólustarfsins. Þegar 3-4 vikur eru liðnar tekur deildarstjóri starfsmanninn í viðtal til að ræða hvernig honum líður í starfi og hvernig gangi, deildarstjóri tekur starfsmanninn í tvö viðtöl til viðbótar á fyrstu 3 mánuðum hans í starfi. Deildarstjóri kynnir fyrir starfsmanninum dagskipulag og vinnutilhögun deildarinnar og fer yfir punkta á viðtalsblaði.

4.3 SAMSETNING STARFSMANNAHÓPSINS

Undanfarin ár hafa verið starfandi á bilinu 30-35 manns í mismunandi starfshlutfalli samtals í 26 stöðugildum. Búast má við svipuðum fjölda fyrir árið 2022-2023.

Í Núpi er stór hópur háskólamenntaðra og er hlutfall leikskólakennara og meistaranema í leikskólakennarafræðum rúmlega 50% af þeirri starfsþrósentu sem gefin er upp fyrir skólann. Ef við tökum allt háskólamenntað fólk er hlutfallið um 65%. Þrír starfsmenn eru í námi við Menntavísindasvið, tveir á meistarastigi í leikskólakennarafræðum og einn í grunnnámi grunnskólakennara.

Starfsmannahópurinn okkar er fjölbreyttur. Hér starfa fólk af ýmsum kynjum á öllum aldri og frá nokkrum löndum.

4.4 FUNDIR

Starfsmannafundir eru á skipulagsdögum skólans. Einnig er boðað til kvöldfundar ef efni standa til. Deildarfundir eru vikulega á öllum deildum í 30 mín. deildirnar leysa hver aðra af vegna þeirra funda. Deildarstjórafundir eru 2., 3. og 4. mánudag í hverjum mánuði frá kl. 12:45-13:45. Handleiðsla deildarstóra er 1. mánudag í mánuði frá kl. 12:45-13:45. Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum hverju sinni. Fagfundir eru fimm yfir veturinn.

4.5 SKIPULAGSDAGAR

Á skipulagsdögum verður meðal annars unnið að skipulagi fyrir veturinn, endurmati starfsins, símenntun og einstaklingsnámskrágerðar.

Skipulagsdagarnir eru fimm, hugsanlega sex og verða:

2. september

18. nóvember

2. janúar

15. mars

19. maí

6. skipulagsdaginn er hægt að sækja um fjórða hvert ár ef skólinn hyggst á námsferð erlendis. Núpur sækir um 6. daginn og er hann áætlaður 17. maí. Samþykki fyrir deginum er háð samþykki foreldraráðs og leikskólanefndar.

4.6 SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Námskeið á vegum leikskóladeildar verða sótt eins og þörf, vilji og aðstæður leyfa hverju sinni.

Skipulags dagar verða að hluta eða að öllu notaðir til endurmenntunar,

Nýliðanámskeið á vegum leikskólans er haldið á haustönn

Námskeið fyrir nýtt starfsfólk í fjölgreindum eru haldin í byrjun árs 2023

Á skipulagsdögum verða örnámskeið í fjölgreindum þar sem reyndir fjölgreindarkennarar leiðbeina þeim nýrri.

4.7 ÞÁTTAKA Í RANNSÓKNUM

Leikskólinn hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknum og mun gera áfram. Mjög algengt er að nemar í leikskólakennarafræðum, sálfræði, talmeinafræði o.fl. hafi samband og óski eftir því að leikskólinn taki þátt í rannsókn tengdu námi þeirra.

5 BÖRN

5.1 FJÖLDI BARNNA

Í skólanum er rými fyrir 99 börn. Skólaárið 2022-2023 og er fermetrafjöldi pr. barn 7,5 m².

5.2 MÓTTAKA NÝRRRA BARNNA

Þegar barn byrjar í leikskólanum Núpi fer ákveðið móttökuferli í gang sem felur í sér að gera foreldra og barn öruggt í því ferli sem er að hefjast og að starfsfólk leikskólans fái sem gleggsta mynd af barninu og aðstæðum þess.

5.2.1 Móttökusamtal

Deildarstjóri og leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri hitta alla forráðamanna nýrra barna áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þar er farið yfir helstu bakgrunnsupplýsingar um barnið og leikskólastarfið kynnt. Forráðamenn fylla út pappíra varðandi almennan málþroska/boðskipti. Þannig getum við gripið til snemmtækra íhlutunar og vísað málinu til sérkennslu ef þurfa þykir.

5.2.2 Aðlögun

Gert er ráð fyrir að aðlögun nýrra barna hefjist um miðjan ágúst og ljúki um miðjan september. Í Núpi er þátttökuaðlögun, þar sem börn og forráðamenn eru saman í þrjá daga hluta úr degi.

Við tökum börnin inn í stórum hópum í einu (hópaðlögun) og eru allt upp í 7 börn í hverjum hópi.

Markmið aðlögunar er að:

- barnið tengist starfsfólki leikskólans og kynnist starfsemi.

- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvar skúffa þess og hólfi eru.
- barn og forráðamenn kynnist starfsfólki og börnum leikskólans.
- forráðamenn þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái innsýn í starfsemi leikskólans.
- barn og foreldri upplifi leikskólalífið saman.
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma.
- barnið kynnist hverri nýrri stund ásamt foreldri til að það finni sig öruggt í leikskólanum auk möguleika til umræðu heima.
- hin börnin og starfsfólkið á deildinni kynnist nýja barninu

5.2.3 Flutningur milli deilda

Flutningur barna milli deilda fer fram vikuna eftir sumarlokun leikskólans. Markmiðið er að börnin kynnist starfsfólki og börnum nýju deildarinnar og finni sig örugg þar. Aðlögun milli deilda tekur tvo til þrjú daga og fylgir starfsmaður af gömlu deildinni börnunum yfir á nýja deild. Starfsfólk leikskólans nýtir vorið og sumarið til að kynna nýju deildina fyrir börnunum og farið er í heimsóknir á milli deilda með litla hópa. Forráðamönnum er boðið að skoða deildina á fyrirfram auglýstum degi. Deildarstjórar eru til viðtals á deildunum í klukkustund og geta forráðamenn litið inn á þeim tíma.

5.3 SÉRKENNSLA

Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskólavalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess. Lögð er áhersla á að öll sérkennta fari fram í litlum hópum þannig að barn sem þarf á sérkennslu að halda sé ekki tekið eitt út úr hópnum. Sérkennslan er því fléttuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns. Unnið er eftir verkferlum Handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun leikskólabarna

5.4 ÚTSKRIFT

Útskrift þeirra barna sem fara í grunnskóla er í lok maí. Farið er í útskriftarferð, börnin útbúa sér nesti sjálf. Þau fá bakpoka sem þau passa sjálf uppá í ferðinni. Haldin verður útskriftarveisla þar sem börnin baka köku, æfa sönglög eða leikrit og bjóða forráðamönnum sínum til veislu. Börnin fá rós og viðurkenningarskjal til staðfestingar á leikskólagöngu þeirra.

6 FORELDRASAMSTARF

6.1 STEFNA OG ÁHERSLUR VEGNA FORELDRASAMSTARFS

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við forráðamanna. Deildarstjórar senda forráðamönnum tölvupóst reglulega með pistli um starfið og það sem framundan er.

Áherslur í samstarfi við forráðamanna eru:

- Að allir forráðamenn finni sig velkomna í leikskólann.
- Að upplýsingar til forráðamanna séu sem greiðastar.
- Að forráðamenn séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum.
- Að allir nýir forráðamenn fái móttökuvíðtal við deildastjóra og leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra áður en aðlögun hefst.
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem forráðamenn geta fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þörf er á.

6.2 FORELDRARÁÐ

Í foreldraráði leikskólans Núps eru:

- Þrír til fjórir fulltrúar forráðamanna sem kosnir eru í atkvæðagreiðslu meðal forráðamanna á aðalfundi foreldrafélags Núps.
- Leikskólastjóri.
- Fulltrúi kennara sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal kennara
- Fulltrúi starfsmanna sem kosinn er í atkvæðagreiðslu meðal annarra starfsmanna

Ráðið er kosið í september/október til eins árs í senn. Fundir í foreldraráði eru haldnir annan hvern mánuð yfir vetrartímann.

6.2.1 Starfsreglur foreldraráðs

- Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar fyrir 1. október ár hvert.
- Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins. Formaður ráðsins skal kosinn úr hópi forráðamanna.
- Foreldraráð ákveður fastan fundartíma annan hvern mánuð á sínum fyrsta fundi.
- Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.
- Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal boða til hans innan viku frá beiðni til formanns.
- Fundargerðir skulu birtar á vef skólans auk þess sem tölvupóstur er sendur á alla forráðamanna og starfsmenn með hlekk á síðustu fundargerð.
- Ráðið getur kallað til aðra forráðamanna eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

6.2.2 Verkefni foreldraráðs

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd manneklum og öðrum starfsmannamálum
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimsíða skólans
- Sérkennsla

6.3 ÞÁTTAKA FORRÁÐAMANNA Í LEIKSKÓLASTARFINU

Árlega er forráðamönnum boðið að taka þátt í viðburðum á vegum leikskólans.

- Í september bjóða börnin forráðamönnum sínum á haustfagnað skólans þar sem boðið er upp á súpu sem gerð er úr grænmeti sem börnin hafa ræktað.
- Í október/nóvember er karladagur þar sem öllum feðrum, bræðrum og öfum er boðið að vera með okkur eina morgunstud.
- Í febrúar er kvennadagur þar sem öllum mæðrum, systurum og ömmum er boðið að vera með okkur eina morgunstud.
- Í maí er Vorverkstæði þar sem forráðamönnum og systkinum er boðið í þátttökumiðað opið hús þar sem börn og fullorðnir leika sér saman á stöðvum
- Í lok maí útskrifast meistaraformlega og er forráðamönnum og öðrum aðstandendum meistara boðið.

6.4 FRÆÐSLA OG UPPLÝSINGAR TIL FORRÁÐAMANNA

Þegar forráðamönnum hefur verið úthlutað plássi fyrir barn sitt í leikskólanum eru þeir boðaðir í móttökuvíðtal. Þar hitta forráðamenn deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir þær upplýsingar er skipta máli þegar nýtt barn byrjar í leikskólanum.

Aðrir fundir/kynningar eru:

- Kynningar á vetrarstarfi leikskólans eru í september.
- Aðalfundur foldrafélagsins er í september/október.
- Deildarstjórar senda forráðamönnum reglulega smá pistil um starfið í tölvupósti.
- Öfréttir eru sendar í gegnum nýtt tilkynningakerfi Völu leikskólakerfi

6.5 FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag leikskólans kýs sér stjórn á aðalfundi félagsins sem er boðaður í september eða október ár hvert. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði. Foreldrafélagið er skemmtifélag og stendur fyrir uppákomum s.s. leiksýningum og sveitaferð o.fl.

Foreldrafélagið starfar sk. lögum félagsins og eru þau aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

https://nupur.kopavogur.is/library/Files/Log-Foreldrafelags-leikskolans-Nups_2018.pdf

7 SAMSTARF

7.1 SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Samstarf við Lindaskóla hefur verið skipulagt í samvinnu Núps, Dals og Lindaskóla. Byrjað er á heimsókn meistara í Lindaskóla í október. Í nóvember koma fyrstu bekkingar í heimsókn í leikskólann. Unnið er skv. skipulagi sem allir skólarnir koma að.

8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu og ganga skólarnir að því tilefni saman um hverfið (tveir elstu árgangarnir í Núpi).

Dægradvölin er opin leikskólunum til afnota alla mánudagsmorgna og munu meistarar nýta sér það. Samstarf skólastigana hefur verið mjög gott og aukist ár frá ári. Deildarstjórar Brekku og Höfða sjá að mestu leyti um samskiptin við Lindaskóla en leikskólastjóri Núps er einnig í samskiptum við skólastjóra Lindaskóla og Dals vegna samræmingar skipulagsdaga o.fl.

7.2 SAMSTARF VIÐ AÐRA

Mest samstarf á leikskólinn við menntasvið. Mjög gott samstarf er við deildarstjóra leikskóladeildar, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

Samstarf við sérfræðinga vegna sérkennslubarna fer eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni.

Sérkennslustjóri sér að mestu um þessi samskipti.

Leikskólinn á einnig gott samstarf við leikskólann Dal meðal annars um sólstöðuhátíð o.fl. sem og Bókasafn Kópavogs m.a. um lestrarátak sem leikskólinn hefur staðið fyrir í samvinnu við bókasafnið og bókasafnsheimsóknir.

Leikskólinn á gott samstarf við þau svið bæjarfélagsins sem tengjast daglegum rekstri s.s. umhverfis- og fasteignasvið sem kemur að viðhaldi leikskólans og leikskólalóðar, stjórnýslusvið sem kemur að launamálum og tækniþjónustu og velferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti.

7.3 NEMAR

Í Núpi eru tveir starfsmenn sem eru í meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Tilkynning um vettvangsnema berast okkur þegar líða tekur á veturinn og er því ekki ljóst hvort einhverjir nemar verða hjá okkur skólaárið 2022-2023.

8 MAT, MATSAÐFERÐIR OG NIÐURSTÖÐUR

Árlega er starf leikskólans metið. Unnið var samkvæmt samræmdri matsáætlun frá leikskóladeild og leikskólanum þar sem fastir liðir í starfi leikskólanna eru metnir. Notaðar eru ýmsar matsaðferðir s.s. rafrænir spurningalistar til forráðamanna og starfsfólks ásamt viðtölum við starfsfólk og börn, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð frá Leikskóladeild um námssvið leikskólans og skimanir sem dæmi um þau matsgögn sem eru notuð við verð mats- og umbótaáætlana.

8.1 STARFSÁÆTLUN 2021-2022 UMBÆTUR

Í töflunni hér fyrir neðan eru þau markmið sem komu til umbóta í starfsáætlun 2020- 2021. Þau markmið sem ekki náðust (eru enn gul) fara inn aftur inn í umbótaáætlun næsta árs.

Viðmið um mat		
Mjög gott: Samræmi við markmið	Gott: Flestir þættir gengu eftir	Ábótavant: Mikilvægir þættir gengu ekki upp
Markmið	Niðurstaða mats	Athugasemdir
Snillikennslu þarf að skipuleggja og gera einfaldari		
Dagskipulag er enn of þungt í vöfum þrátt fyrir að hafa verið einfaldað fyrir síðasta skólaár		
Flæðandi matartímar ganga vel en þurfum að halda á lofti almennum borðsiðum eins og að nota hnífapör og hella úr litlum könnum.		
Flæðandi matartímar: yngri börn þurfa að vera betur aðlöguð áður en þau fara af kennaraborði yfir á hlaðborð		
Meistaramati þarf að flýta til þess að hægt sé að bregðast fyrir við ábendingum barnanna á skólaárinu		Meistaramat er í þróun og verður tekið til gagngerðar endurskoðunar og framkvæmd með öðrum hætti en verið hefur. Markmið er að sem flest börn taki þátt í mati.
Vettvangsferðum þarf að fjölga og heimsóknunum á söfn		

Stjórnendur þurfa að vera duglegri að hvetja fólk til endurmenntunar en ekki bara hengja upp auglýsingar, tala um með skýrari í hætti á deildarstjórafundum og setja í fundargerðir		
Auka fjölbreytni í samverustundum og útbúa hugmyndabanka fyrir starfsfólk		Vinnan er hafin og verður framhaldið á þessu skólaári
Meistaraverkefni. Endurskoða námskrá fyrir meistara.		Finna þarf tíma fyrir deildarstjóra strax á haustönn
Flæði í leiks, finna þarf leiðir til að dýpka leikinn.		Flestir fagfundir skólans féllu niður vegna covid og hólfaskiptingar
Blær: Markvissara og fjölbreyttara nám með Blæ.		
Lubbi: Auka fjölbreytni verkefna fyrir eldri börnin og einfalda fyrir yngstu börnin.		
Tras skráningar verði á höndum fleiri kennara og séu yfirfarnar og teknar saman oftár á vetri		
Samræma skráningar í Bók barnsins		
Mat á sjálfbærni og vísindi - að sjálfbærni verði sjálfsagður hlutur í leikskólastarfinu s.s. Flokkun, vistspor, matarsóun o.fl. Auka aðgengi eldri barna að vísindaefni og ljósaborði.		Umræða hafin. Markvisst verður farið í að gera áætlanir um sjálfbærni á komandi skólaári. Tveir kennarar skólans búnir að fara á námskeið um sjálfbærni og munu leiða starfið.
Þjóðardagar		Engir þjóðardagar voru sl. Vetur vegna hólfaskiptingar. /vilji til endurskoðunar og tilgangi
Meiri upplýsingar um barnið fyrir utan foreldraviðtöl bæði almennt og í lok dags.		
Börn koma að gerð matseðla		Þetta var ekki gert vegna þess að eldhúsið hefur verið í lamasessi hjá okkur vegna veikinda og við höfum af þeim sökum fengið aðsendan mat. Börnin geta ekkert haft áhrif á þá
Börn komi að skipulagningu snillikennslu.		Börnin eru höfð með í ráðum um hvað sé gert í snillikennslu.

8.2 MATSGÖGN 2021-2022

Matsgögn sem unnin voru á árinu 2021-2022. Aðstoðarleikskólástjóri hefur haldið utan um allt mat í húsi.

- Samræmt matsblöð frá leikskóladeild Kópavogs um námsviðið Læsi og samskipti
- Sjálfmat deilda– faglegt starf deilda og dagskipulag
- Starfsmannasamtöl
- Starfsmannakönnun Skólapúslins
- Vinnustaðgreining frá Prósent unnin fyrir Kópavogsbæ
- Hljóm – 2
- Efi – 2
- TRAS

Í matsgögnum má sjá að margt er vel gert. Í skólapúslinum kom m.a. fram ánægja með faglegt starf skólans, starfsfólk er full sjálfstrausts í sínu fagstarfi. Fólk finnur fyrir stuðningi frá næsta yfirmanni og fólk er ánægt með stuðning við börn með sérþarfir. Fólk er almennt ánægt með Lubbastarfið, samstarf skólastiga, flæðandi matartíma og jóga svo eitthvað sé nefnt.

Í starfsmannasamtölum voru nokkur atriði nefnd sem vel eru gerð:

- Almennt virðist fólki líða vel í vinnunni (14 af 19)
- Góð samvinna innan deilda
- Flestir ánægðir með sína deildarstjóra og stjórnun skólans
- Gott að leita til stjórnenda og stuðningur yfirmanna
- Faglega starfið
- Sérkennsla og skipulag hennar
- Nánast allir segjast geta mælt með vinnustaðnum Núpi

Það er ekkert eitt sem sker sig úr í þeim atriðum sem eru nefnd sem betur mætti fara en þau atriði sem helst voru nefnd af þeim 19 starfsmönnum sem fóru í viðtöl voru:

- Upplýsingaflæði
- Fólk mætti vera duglegra að tala saman og búast ekki alltaf við því versta.
- Styðja betur við nýja deildarstóra

8.3 UMBÓTAÁÆTLUN 2022-2023

Út frá þeim fjölbreyttu matsgögnum sem unnin voru eftir skólaárið 2021-2022 voru skilgreindir umbótaþættir sem ætlunin er að vinna að á skólaárinu

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Auka fjölbreytni í samverustundum og útbúa hugmyndabanka fyrir starfsfólk	Sjálfsmat deilda / Höfði	Útbúa hugmyndabanka með málörvunaefni til að nota í samverustundum	Haust 2022	Deildarstjóri	Vor 2023	Hugmyndabanki tilbúinn
Meistaraverkefni: ný starfsáætlun meistara þarfnast endurskoðunar og finna fjölbreyttari nálganir	Sjálfsmat deilda / Höfði / Brekka	Gefa viðfangsefnum meiri tíma og dýpka meira	2022-2023	Deildarstjórar eldri deilda	Vor 2023	Ný starfsáætlun meistara
Flæði í leik	Umræða á fagfundi og sjálfsmat deilda	Umræða á fagfundi um flæði í starfinu og leiðir til að dýpka leikinn	Haust 2022	Stjórnendateymi	Vor 2023	Börnin fá meira rými og tíma fyrir frjálsan leik
Mat sjálfbærni og vísindi - að sjálfbærni verði sjálfsagðari hlutur í leikskólastarfinu s.s. flokkun, vistspor, matarsóun o.fl. Auka aðgengi eldri barna að vísindaefni og ljósaborði.	Kópavogsbær - matsblöð sameiginleg viðmið	Ljósaborð og vísindaefni verði aðgengilegra fyrir eldri börn. Endurvekja Grænu nefndina og tengja við Heimsmarkmið	2022-2023	Stjórnendateymi	Vor 2023	Vísindaleikir og umræða um sjálfbærni sé hluti af daglegu leikskólastarfi
Þjóðardagar	Mat deilda á sérstökum dögum	Umræða á fagfundi um fyrirkomulag, framkvæmd og tilgang	2022-2023	Stjórnendur	Vor 2023	Gildi þjóðardaga í menningu okkar/barnanna sé skýrt

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Börn komi að gerð matseðla	Meistaramat	Koma á fót umbótagrúpu til að auka mat barna á starfinu	2022-2023	Stjórnendateymi	vor 2023	Að börn sitji matsfundi og niðurstöður liggi fyrir
Börn komi að skipulagningu snillikennslu	Meistaramat	Koma á fót umbótagrúpu til að auka mat barna á starfinu	2022-2023	Stjórnendateymi	Vor 2023	Að börn sitji matsfundi og niðurstöður liggi fyrir
Samvinna milli deilda með sama aldur	Starfsmannasamtöl, vinnustaðgreining og skólaláttinn	Deildarstjórar viðkomandi deilda vinna saman að skipulagningu starfsins	2022-2023	Deildarstjórar	Vor 2023	Að til verði sameiginleg starfsáætlun deilda sem vinna með sama aldur
Stuðningur við nýja deildarstjóra	Starfsmannasamtöl	Nýjir deildarstjórar fá mentor fyrsta árið í starfi og lengur ef þarf	2022-2023	Stjórnendur	Vor 2023	Að nýr deildarstjóri öðlist öryggi í starfi
Aukinn sýnileiki fjölgreinda í starfi leikskólans	Starfsmannasamtöl	Deildarstjórar finni leiðir til að gera starfið sýnilegra fyrir starfsfólki og foreldrum	2022-2023	Stjórnendateymi	Vor 2023	Að fjölgreindir í starfi leikskólans séu sýnilegar
Fræðsla um fjölgreindir til nýs starfsfólks	Starfsmannasamtöl	Námskeið í fjölgreindum haldið árlega	2022-2023	Stjórnendur	Vor 2023	Að nýtt starfsfólk þekki fjölgreindakenninguna og geti unnið eftir henni.

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Líðan starfsfólks og menning í Núpi	Starfsmanna-samtöl, vinnustaða-greining og skólapúlsinn	Fræðsla, umræður og gerð samskiptasáttmála	2022	Stjórnendur	Vor 2023	Samskiptasáttmáli tilbúinn.
Skýrleiki hlutverks	Starfsmanna-samtöl, vinnustaða-greining og skólapúlsinn	Fræðsla og skriflegar verklýsingar	2022	Stjórnenda-teymi	vor 2023	Að starfsfólk viti hver hlutverk þess er og ábyrgð.
Reglulegir deildarfundir	Skólapúlsinn	Festa niður fundartíma og standa við þá	2022	Deildarstjórar	Vor 2023	Deildarfundir falla ekki niður.

8.4 MATSÁÆTLUN NÚPS 2022-2023

Matsteymi Núps hefur komið sér saman um þá þætti sem meta skal á yfirstandandi skólaári.

Matsþáttur	Viðmið	Hver metur	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
Útiveran	Börn njóta fjölbreyttra námstækifæra á útisvæði leikskólans. Félagsleg samskipti eru uppbyggileg. Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt og sýnir virka þátttöku í námi barna á útisvæði	Allt starfsfólk og börn	Október og Nóvember	Rýnihópar, skráningar og spurningalistar	Samantekt niðurstaða birt á heimasíðu. Mat barna birt með myndrænni framsetningu
Samverustundir	Samverustundir eru fjölbreyttar og uppbyggilegar. Fjölbreytt námstækifæri sem þær bjóða upp á eru nýtt til hins ítrasta.	Allt starfsfólk og börn	Febrúar og mars	Rýnihópar, skráningar og spurningalistar	Samantekt niðurstaða birt á heimasíðu. Mat barna birt með myndrænni framsetningu
Málþroski barna	Starfsmannahópurinn hefur yfirsýn yfir þau börn sem þarfnast aukinnar málörvunar og getur gripið inn í þegar þess er þörf	Deildarstjórar og sérkennsla	Jafnt og þétt yfir árið	HLJÓM-2, TRAS og EFI	Niðurstöður kynntar í foreldraviðtölum. Niðurstöður úr HLJÓM-2 afhentar grunnskóla
Viðburðir á skólaárinu	Til eru skýrar og aðgengilegar starfslýsingar sem hægt er að vinna eftir.	Matsteymi	Jafnt og þétt yfir árið	Vinnulýsingar sem fyrir eru.	Uppfærðar vinnulýsingar
Líðan Starfsfólksmenningin í Núpi	Starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og fái að njóta styrkleika sinna. Að mót-tökur nýliða séu vandaðar	Starfsmannahópurinn	Haustönn	Vinnugögn úr námsferð 2019. Starfsmannasamtölum vor 2022. Móttökuáætlun nýrra starfsmanna	Samskiptasáttmáli Og uppfærð móttökuáætlun nýrra starfsmanna.

Skólanámsskrá Núps	Skólanámsskrá Núps er aðgengileg og í fullu samræmi viðnúverandi starfsaðferðir og gildismat starfsmanna Núps	Starfsmannahópurinn	Vorönn (vinna hefst)	Skólanámsskrá Núps, Aðalnámsskrá leikskóla, Rýnihópar.	Ný skólanámsskrá Núps gefin út vorið 2024
Stjórnun	Stjórnun leikskólans miði að faglegum vinnubrögðum og að leikskólinn starfi samkvæmt lögum um leikskóla og Aðalnámsskrá leikskóla	Starfsmenn	Apríl- maí '23	Starfsmannasamtöl Rafræn spurningakönnun	Samantekt niðurstaðna fer í umbótaáætlun næsta árs
Námssviðið heilbrigði og vellíðan	Skólastarfið í Núpi uppfyllir öll viðmið um námssviðið heilbrigði og vellíðan samkvæmt gátlista frá Kópavogsbæ.	Starfsmannahópurinn	Janúar. Unnið á deildarfundum	Spurningalisti frá Kópavogsbæ	Samantekt niðurstaðna fer í umbótaáætlun næsta árs
Aðlögun	Börn og foreldrar eiga ánægjulega leikskólabyrjun og traust skapast milli heimilis og skóla	Foreldrar og starfsmenn	Ágúst/september	Rafræn spurningakönnun	Samantekt niðurstaðna fer í umbótaáætlun næsta árs
Foreldrasamstarf	Foreldrar eru upplýstir um starf leikskólans og líðan barna sinna. Foreldrar eru virkir þátttakendur í starfi leikskólans. Foreldrar miðla mikilvægum upplýsingum og börn sín til leikskólans	Foreldrar og starfsmenn	Vorönn	Rafræn spurningakönnun til starfsmanna. Foreldrakönnun frá Skólapúlsinum.	Helstu niðurstöður teknar saman og birtar á heimasíðu og í starfsáætlun

8.5 MATSÁÆTLUN FYRIR LEIKSKÓLA KÓPAVOGS 2022-2026

Forgangsróðun í matsáætlun 2012-2026 var ákvörðuð í matsteymi Leikskóladeildar. Sumir þættir eru metnir árlega en aðrir sjaldnar.

Innra mat leikskóla Kópavogs til fjögurra ára 2022-2026				
Matsþættir	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi				x
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf	x	x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Áfallaáætlun				x
Vinnueftirlit	x			
Forvarnaráætlun		x		
Umhverfisstefna			x	
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x			x
Námssvið leikskólans				
• Heilbrigði og vellíðan eyðublað frá Kópavogsbæ	x			
• Sköpun og menning eyðublað frá Kópavogsbæ		x		
• Sjálfbærni og vísindi eyðublað frá Kópavogsbæ			x	
• Læsi og samskipti eyðublað frá Kópavogsbæ				x
Leikskóli án aðgreiningar / leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Aðlögun	x	x	x	x
Læsisstefna leikskólans				x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Starfsmannastefna			x	
Stjórnendakönnun	x			
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	

Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Pátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x	x	
Viðhorf foreldra				
Foreldrakönnun Skólapúlsinn		x		
Foreldrastefna		x		
Næring og matseðlar			x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x		x
Opinber birting og umræður	x	x		x

9 ÖRYGGISMÁL

9.1 ÖRYGGISNEFND

Öryggistrúnaðarmaður er Fríða Kristín Hannesdóttir, öryggisvörður er Svana Kristindóttir og aðstoðarleikskóla-stjóri er hennar staðgengill.

Unnið er eftir áætlun um slysavarnir ef slys verða.

Á skipulagsdegi í vetur verður farið yfir rýmingaráætlun skólans.

Brunaæfingar verða gerðar með reglulegu millibili.

9.2 ÁFALLARÁÐ

Í Áfallaráði sitja ásamt leikskólastjóra, aðstoðarstjóri og deildarstjórar. Meginmarkmið áfallaráðs er að bregðast við og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall verður.

9.3 INNRA EFTIRLIT

Daglega er farið yfir garðinn áður en börnin fara út til að tryggja að hann sé öruggur. Að sama skapi er tryggt öryggi á innileiksvæðum barnanna.

Daglegt eftirlit er einnig haft með þrifum á salernum barna sem og í eldhúsi.

9.4 SLYS

Ef björn veikjast, verða fyrir slysi eða öðrum óhöppum er haft samband við foreldra ein fljótt og hægt er. Öll slys sem verða í skólanum eru skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar. Á öllum deildum er öryggismappa með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmeri forsjáraðila.

10 LOKAORÐ

Við lítum björtum augum til framtíðar og næsta skólaárs eftir erfiðni sem covid-19 skapaði okkur. Í byrjun skólaárs erum við svo gott sem búin að manna skólann fyrir næsta vetur og vonum við að í bili höfum við fengið okkar skammt af erfiðleikum og veikindum og sjáum fram á meiri stöðuleika í vetur. Margt spennandi er á dagskrá og má þar nefna nýtt verkefni sem ber yfirskriftina Menntun til sjálfbærni, sem við ætlum að hefja á þessu skólaári. Í tengslum við það er ætlunin að allur starfsmannahópurinn fari saman til Finnlands þar sem við komum til með að læra ýmislegt um þetta spennandi og jafnframt þarfa verkefni.